

14. fundur Húsnefndar Végarðs, 20.12 2013, kl. 11.00

Mætt: Gunnar Jónsson, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Georg Pálsson.

1. Sýningarstarfsemi LV í Végarði. Síðastliðið sumar rituðu um 3.500 manns nöfn sín í gestabók. Gestafjöldi hefur verið á hægri niðurleið síðustu ár. Sýningarhald var með svipuðu sniði og undanfarin ár. 3 starfsmenn skiptu með sér störfum við gestamóttöku.

Ein fermingarveisla var haldin í húsinu, eitt ættarmót og ein afmælisveisla.

Athugasemdir komu fram í úttekt á brunaviðvörðunarkerfi í húsinu, þ.e. það þarf að skipta um batterí í nokkrum ÚT/Exit ljósum, eða kaupa ný.

Engar athugasemdir komu frá HAUST eftir árlega skoðun varðandi gilt starfsleyfi.

Handrið hefur verið sett á útitröppur, æskilegt væri að setja vörn á enda handriðsins.

2. 2014: Pantað hefur verið fyrir fermingarveislu 17/4, brúðkaupsveislu 16/8 og tvö ættarmót 20/7 og 2/8.
3. Leigusamningur Landsvirkjunar við Fljótsdalshrepps um afnot af Végarði rennur út um n.k. áramót. Engin ákvörðun hefn verið tekin um hvort samningur verði áfram. Georg býst við að það gæti legið fyrir í mars –apríl hvað LV hyggst fyrri með sýningarhald, en áfram mun LV taka á móti hópum inn í Fljótsdalsstöð. Georg hefur skilað 3 lykklum að Végarði, sem voru í vörslu LV.

Farið var í skoðunarferð um húsið: Engar athugasemdir komu fram um skemmdir á mannvirkinu vegna notkunar leigutaka. Gólf í aðalsal var lakkað fyrir 2-3 árum. Samkvæmt samningi þar um, skilur LV eftir búnað í fundarsal og annan búnað sem tengist sýningarhaldi s.s. skjávarpa í aðalsal og sýningartjald. Einnig afhendir LV húsinu skrifstofubúnað í rými á efri hæð, kaffikönnu og tvo kaffibrúsa, einnig útistand við afleggjara.

4. Við skoðun kom í ljós að efri eldhússkápar eru að losna frá veggjum og þarf að festa þá betur hið fyrsta. Rætt var um að skipta út ljósum í kjallara fyrir önnur fyrirferðarminni. Einnig var minnst á að æskilegt væri að koma upp sjálfvirkum skömmtunarbúnaði fyrir uppþvottavélina.
5. Varðandi þrif á snyrtingum í húsinu næsta sumar, þá eru þau inni í nýjum samningi um rekstur gistihúsa, þ.e. hvað varðar notkun tjaldsvæðisbúa.
6. Fulltrúi Landsvirkjunar hefur setið í húsnefnd undanfarin ár. Við lok leigusamnings fellur sú seta niður. Gunnþórunn þakkaði þeim fulltrúum LV sem setið hafa í húsnefnd og þá Georg sérstaklega, gott samstarf í nefndinni og Georg þakkaði sömuleiðis og lét þess getið að samstarfið hafi verið farsælt.
7. Gunnþórunn sagði frá því að í fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps fyrir næsta ár, væri fjarmagn til reiðu ef ákveðið yrði að ráðast í að setja upp varmadælu í húsið.

Fleira ekki gert. Fundarmenn óskuðu hver öðrum gleðilegra jóla. Fundi slitið kl. 12.20.

Gunnþórunn ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Georg Pálsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)